



Til: Bæjarráðs Kópavogs

Kópavogi, 28. október 2025
2411825/005.00 ÁAK

Efni: Ágrip vegna álits innviðaráðuneytisins frá 23. nóvember 2025 um stjórnslu Kópavogsbæjar.

Álit innviðaráðuneytisins í máli IRN24020022 frá 23. nóvember 2025 fjallar um kvörtun nokkurra bæjarfulltrúa sem send var ráðuneytinu 26. september 2023 vegna stjórnslu Kópavogsbæjar, einkum í tengslum við samkomulag bæjarins við Fjallasól ehf. um þróunarsvæði nr. 13.

Kvörtunin laut að því að minnihlutinn taldi sig ekki hafa fengið nægar upplýsingar eða fylgiskjöl með samkomulaginu þegar það var lagt fyrir bæjarráð og bæjarstjórn, auk þess sem gagnrýnt var að bæjarstjóri hafi ekki mætt á fund og að tillaga um frestun málsins hafi verið hafnað. Þá var einnig gagnrýnt að ekki hafi verið gætt að jafnræði, meðalhófi og samkeppnissjónarmiðum við ráðstöfun eigna og að ekki hafi verið auglýst opinberlega.

Sveitarfélagið svaraði því til að málið hefði verið nægilega upplýst, öll nauðsynleg gögn hefðu legið fyrir og samkomulagið væri í samræmi við lög og reglur. Samkvæmt sveitarfélaginu var venja að samningar af þessu tagi væru undirritaðir með fyrirvara um samþykki bæjarráðs eða bæjarstjórnar, og að ekki hefði verið brotið gegn jafnræðisreglu eða meðalhófsreglu.

Ráðuneytið fór yfir málsatvik og lagalegan grundvöll málsins. Það taldi að boðun og málsmeðferð á fundi bæjarstjórnar hafi verið í samræmi við lög og samþykktir, og ekki væri tilefni til að gera athugasemdir við stjórnslu sveitarfélagsins eða samkomulagið við Fjallasól ehf. Ráðuneytið áréttaði þó mikilvægi þess að sveitarfélög fylgi eigin reglum og gæti réttarríkissjónarmiða við ráðstöfun takmarkaðra gæða. Þá var lögð áhersla á að sveitarfélög hafi ákveðið svigrúm við mat á því hvað teljist málefnaleg sjónarmið þegar frávik eru gerð frá almennum reglum, svo sem um auglýsingu lóða, en að slíkt þurfi ætíð að byggja á málefnalegum og lögmætum forsendum.

Á heildina litið staðfestir álit ráðuneytisins að málsmeðferð Kópavogsbæjar hafi verið í samræmi við lög, en jafnframt eru dregin fram atriði sem bæta má og styrkja stjórnslu og verklag til framtíðar.

Virðingarfyllt,

Ása A Kristjánsdóttir
Yfirlögfræðingur

